

Mánudaginn 16. júní 1986.

Nr. 180/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóhanni Þorgeirssyni og
Kaupstofunni**

Kærumál. Hald á skjölum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðilar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru dagsettri 28. f.m. er barst Hæstarétti 5. þ.m. Krefjast þeir þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér tildæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er tekið fram að eigi verði séð að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, er tók við birtingu úrskurðarins og bar fram kærana fyrir hönd varnaraðila, hafi sýnt fram á umboð frá þeim til þess. Verði málið dæmt að efni til, er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Héraðsdómari gaf varnaraðilum kost á að tjá sig um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins áður en hún var tekin til úrlausnar og lagði Hilmar Ingimundarson fram greinargerð af þeirra hálfu. Eins og hér hagar til þykir bera að líta svo á að hann hafi haft umboð til þess að koma fram fyrir hönd varnaraðila í máli þessu. Er því ekki næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn og vísa málinu á ný heim í hérað.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Krafa varnaraðila um málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti er ekki tekin til greina.

Í greinargerð Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns dagsettri 11. mars 1986, sem lögð var fyrir héraðsdómara og skírskotað er til í greinargerð í kærumáli þessu, segir m.a. á þessa leið: „Þar sem RLR virðist vera ljóst að krafa þess (sic) um hald á

skuldabréfum umbj.m. á grundvelli 4. tl. bréfs ríkissaksóknara frá 3. janúar 1985 nái ekki fram, þá er gripið til þess ráðs að búa beinlínis til kæru á hendur umbj.m. um skjalafals.“ og ennfremur: „Skýrslutakan af umbj.m. hinn 7. febrúar sl. var því tilraun til yfirlórs af hálfu ákærvaldsins og RLR ...“ Ummæli þessi eru ósæmileg og ámælisverð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Haldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um að eigi beri að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Af skýrslum, sem teknar hafa verið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og í bæjarþingi Kópavogs og eru meðal gagna í þessu máli, kemur fram að varnaraðili Jóhann hafi eignast umrædd skuldabréf í viðskiptum við Jóhönnu Heiðdal sem bréfin voru gefin út til. Verður eigi séð að varnaraðili sé grunaður um að hann hafi eignast bréfin með ólögætum hætti. Eigi er um það að ræða að ætla megi að bréfin verði gerð upptæk. Enda þótt fallast megi á að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi verið þörf á að kanna bréf þessi vegna rannsóknar sinnar út af kæru skuldarans, Kristjónu Guðmundsdóttur, á hendur Jóhönnu Heiðdal þykir eigi lengur þörf á að halda bréfunum vegna sönnunargildis þeirra, þar sem endurrit eða ljósrít af þeim kæmu að sama haldi. Þess er að geta að í málinu hafa ekki komið fram nein gögn um framvindu rannsóknarinnar eftir að dómur Hæstaréttar, sem getið er um í hinum kærða úrskurði, var kveðinn upp hinn 12. febrúar sl.

Samkvæmt því sem nú var rakið tel ég eigi lengur skilyrði 43. gr. laga nr. 74/1974 til þess að umræddum sjö veðskuldabréfum sé haldið og beri því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eigi tel ég lagaskilyrði til þess að dæma varnaraðilum málskostnað.

Ég tek undir ákvæði í atkvæði meiri hluta dómara um vítur vegna ósæmilegra ummæla í greinargerð umboðsmanns varnaraðila.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkur 30. apríl 1986.

Með bréfi dags. 1. mars 1986 hefur þess verið krafist að Rannsóknarlög-reglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á sjö verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00, tryggð með 5. og 6. veðrétti í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, móttekin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með litranúmerum embættis sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógeta í Ólafsvík, nr. 1122/83-1126/83, 1130/83 og 1131/83. Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr: 5903-0582, og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nafn-númer: 5026-5846, en bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs í umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík.

Vísað er til 43. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafan um heimild til að leggja hald á framangreind veðskuldabréf gerð 1) í þágu rannsóknar RLR-málsins nr. 106/1984, sem fram fer vegna gruns um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknin fer fram vegna kæru Arnmundar Bachmans hrl. f.h. útgefanda bréfanna, Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, en kærnan barst Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1984, og 2) vegna rannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á ætluðu skjalfalsi við framsal umræddra framangreindra sjö veðskuldabréfa og aðild Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, nnr: 5001-0287, að því broti o.fl. brotum svo sem fram kemur í gögnum málsins, sbr. bréf ríkissaksóknara dags. 7. febrúar 1986 (M. 411/86) og lögreglu-skýrslur RLR, teknar sama dag vegna ætlaðs brots kærða Jóhanns Halldórs.

Málsatvik eru þau, að 29. júlí 1983 gerðu fyrrnefndar Kristjana Guðmundsdóttir og Jóhanna J. Heiðdal með sér kaupsamning um heildverslun Jóhönnu Heiðdal ásamt vörulager, tækjum og umboðum er Kristjana keypti af Jóhönnu.

Í kaupum þessum fylgdi allur vörulager verslunarinnar samkvæmt sérstakri vörutalningu, sem fram fór, og fylgdu samningnum 12 verðlistar, merktir 1-12.

Eftirfarandi umboð fylgdu með í kaupunum:

- a) Mary Quant, snyrtivörur,
- b) Cutrin-hársnyrtivörur,
- c) Vagabond-snyrtitöskur,
- d) Gillquist & Sons- baðsnyrtivörur,
- e) Nylon housery (sokkabuxur o.fl.),
- f) Dolares Hats, M.Q. slæður.
- g) Pictutorial, sápur og gjafavörur,

h) Christen Sonning-belti,

i) Beujanglas.

Um umboðin segir svo í kaupsamningi aðila: „Ofangreind umboð fram-seljast af seljanda til kaupanda. Seljandi lýsir því yfir að hann hafi einka-söluleyfi fyrir umboðum a. til f., en hafi munnleg einkasöluleyfi fyrir öðrum umboðum. Samningi þessum fylgja skrifleg vottorð frá þremur aðilum, en seljandi skuldbindur sig til að afla skriflegs einkasöluleyfis frá Max Factor (Mary Quant) fyrir 1. desember 1983. Jafnframt lýsir seljandi því yfir, að hann muni reyna að afla skriflegra leyfa fyrir öðrum umboð-um.“ Í 4. gr. kaupsamningsins segir eftirfarandi: „Kaupanda eru allar skuldbindingar Jóhönnu Heiðdal óviðkomandi með öllu.“ Í 5. gr. kaup-samningsins er svo samið um kaupverð, sem er samtals kr. 3.500.000,00. Kaupverð þykir hafa verið hátt og verið fyrst og fremst byggt á því að umræddar vörubirgðir voru auðseljanleg vara eins og seljandi er sagður hafa haldið fram við kaupin. Við rannsókn málsins kom hins vegar fram að þessar vörubirgðir reyndust að miklum hluta úreltar og óseljanlegar. Yfirlýsingar kærðu, Jóhönnu Heiðdal, um árlega veltu fyrirtækisins fengu heldur ekki staðist.

Þá hefur komið fram við rannsókn málsins að kærða hafði ekki óskor-aðan rétt til að framselja dreifiumboð þau er hún hafði, til annarra aðila, enda í sumum tilvikum aðeins um venjuleg viðskiptasambönd að ræða. Auk þess skuldaði kærða erlendum dreifiaðilum snyrtivara verulegar fjár-hæðir sem voru gjaldfallnar þegar kaupsamningurinn við Kristjönu Guðmundsdóttur var undirritaður. M.a. fékk kaupandi aldrei skriflegt einkasöluleyfi frá Max Factor (Mary Quant), enda hafði seljandinn, kærða Jóhanna Heiðdal, ekki neina heimild frá umbjóðendum sínum til að selja umboðið Mary Quant svo sem gert var og umbjóðandanum hafði ekki verið tilkynnt um söluna. Kom í ljós að seljandinn skuldaði Max Factor £ 10,436,29 og hinn nýi eigandi fyrirtækisins, heildverslunar Jóhönnu Heiðdal, samkvæmt samningnum, fékk þar af leiðandi ekki afgreiddar pantanir frá Max Factor. Skuld þessi var gjaldfallin þegar aðilar undirrit-uðu kaupsamninginn.

Svo sem fyrr greinir var umsamið kaupverð heildverslunar Jóhönnu Heiðdal kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með veðskuldabréfum. Hvert bréf var að fjárhæð kr. 50.000,00. Meðal þeirra veðskuldabréfa, er kaupverðið var greitt með, eru þau 7 bréf sem krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald í máli þessu lýtur að og áður hefur verið lýst. Fram hefur komið að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi þegar áður lagt hald á nokkur bréf sem gefin voru út vegna þessara viðskipta og notuð hafa verið í lög-skiptum. Með úrskurði sakadóms Ólafsvíkur 18. nóvember 1985 var lagt hald á 6 veðskuldabréf af umræddum bréfum er höfðu verið framseld með

svokölluðu eyðuframsali af Jóhönnu J. Heiðdal, andstætt skilyrðum verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979. Áður nefnd 7 bréf, sem fjallað er um í þessu máli, eru hins vegar framseld Jóhanni Þorgeirssyni, nafnúmer: 5001-0287, en hann hefur síðan framselt fjögur þeirra einkafirma sínu, Kaupstofunni, nnr: 5579-4987. Í greinargerð með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins dags. 1. mars sl. segir svo: „Jóhann Þorgeirsson lýsti því í yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 22. júní 1984, er honum var gerð grein fyrir rannsókn máls þessa (þ.e. RLR-máls nr. 106/84), að bréf þau, er hann hafði þá undir höndum, væru með eyðuframsali Jóhönnu J. Heiðdal og bera þau bréf því nú ranglega með sér að framsal hafi farið fram, en ætla mátti að framseljandi, Jóhann Þorgeirsson væri grandlaus um kaupmál þetta. Dagsetningar þær, sem fram koma á bréfum er Jóhann Þorgeirsson og Kaupstofan eru taldir eigendur að, hafa því bersýnilega verið rangfærðar í því skyni væntanlega að renna frekari stoðum undir grandleysi handhafa bréffanna.“

Í umræddri yfirheyrslu (skjal 2, bls. 36-38 í rannsóknargögnum málsins) 22. júní 1984 var mætti spurður hvort hann væri skráður kröfuhafi á skuldabréf þessi. Svar hans var bókað orðrét: „Þessi bréf, sem ég á, eru framseld eyðuframsali af Jóhönnu Heiðdal. Ég er ekki skráður kröfuhafi á bréfin.“ Og í lok yfirheyrslunnar segir mætti: „að hann og Jóhanna hafi verið með samkomulag sín á milli um að mætti leysti út vörur fyrir Jóhönnu sem hún endurgreiddi þegar varan seldist. Mætti neitar alfarið að hafa lánað Jóhönnu peninga en segir hana hafa sóttst eftir slíku láni sem mætti neitaði.“

Nokkrum dögum áður, þ.e. 14. júní 1984, var kærða Jóhanna til yfirheyrslu hjá RLR. (skjal 2 bls. 30-31 í rannsóknargögnum málsins). Hún var beðin að skýra frá ráðstöfun sinni á þeim skuldabréfum sem hún fékk frá Kristjönu Guðmundsdóttur og fyrr er um rætt. Í lok þeirrar greinargerðar kemur hún að þætti nefnds Jóhanns Þorgeirssonar og segir orðrét (2-31): „Afganginn af þessum bréfum, alls 20 stk., að nafnverði kr. 1.000.000,00, lét ég til Jóhanns Þorgeirssonar. Hann rekur firma með nafninu Kaupstofan og var á horninu á Hverfisgötu og Vitastíg í Reykjavík. Jóhann þessi lánaði mér um kr. 300.000,00 á sl. ári 1983, líklega í apríl. Hann sagði svo, þegar ég kom með bréfin, að hann greiddi mér eitt, en með afganginum, bréfum fyrir kr. 950.000,00 værum við kvitt. Ég var ekki sammála því en gat ekkert gert.“

Þannig ráðstafaði ég öllum skuldabréfunum frá Kristjönu til greiðslu á mínum skuldum.“

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins og til rökstuðnings kröfunni um hald á veðskuldabréfunum er kærumál þetta lýtur að, og svo sem fram

komi í gögnum málsins, er bent á að rekstur heildverslunar Jóhönnu J. Heiðdal hafi verið erfiður og óviðráðanlegur vegna mikilla skulda hér heima og erlendis. Um þetta hafi lánardrottnum kærðu Jóhönnu verið kunnugt og því ástæða til að ætla að sala fyrirtækisins væri almennt útilokuð, þar sem rekstursgrundvöllur þess var brostinn. Framsal lánardrottna kærðu Jóhönnu á veðskuldabréfum hennar vegna sölu fyrirtækisins hafi því tæpast farið fram án þess að þeim mætti vera ljóst að um blekkingu hafi verið að ræða við söluna, en meðal lánardrottna kærðu var Jóhann Þorgeirsson.

Nefndur Jóhann Þorgeirsson var yfirheyrður öðru sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. febrúar 1986 og þá að kröfu ríkissaksóknara í framhaldi af því er fram hafði komið við meðferð RLR-málsins nr. 106/84 og gagnert snerti viðskipti hans við kærðu Jóhönnu. Hann var þá yfirheyrður sem kærður eða grunaður um ætlað brot og gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

Til rökstuðnings framangreindri kröfu ákærvaldsins um frekari rannsókn á þætti kærða Jóhanns, og verjandi hans Hilmar Ingimundarson hrl. vitnar til í greinargerð sinni, dskj. nr. 6, segir ríkissaksóknari m.a. svo: „Af fyrirliggjandi rannsókn má þegar leiða rökstuddan grun um refsiverða háttsemi Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, eiganda umræddra sjö veðskuldabréfa, því ætla má, samkvæmt framburði kærðu Jóhönnu Lusindu á skjali nr. 2 bls. 31 og vætti Jóhanns Halldórs á skjali nr. 2 bls. 36-38, að þessara veðskuldabréfa hafi Jóhann Halldór aflað í okurviðskiptum og að Jóhann Halldór hafi á öll umrædd sjö veðskuldabréf, þingskjöl nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12 og 14, í áðurgreindu uppboðsréttarmáli nr. 46/1985, sem öll voru framseld af Jóhönnu Lusindu ódagsettum eyðuframsölum, falsað þær framsalsáritanir og breytt í framsal sjálfum sér til handa með dagsetningum 1. október 1983 og með þeim fölsuðu framsalsáritunum séu veðskuldabréfin lögð fram í uppboðsrétti.“

Vegna kröfu ríkissaksóknara um frekari rannsókn á þætti kærða, Jóhanns Þorgeirssonar, var hann yfirheyrður hjá RLR þrisvar sinnum sama dag, hinn 7. febrúar sl:

Í fyrstu yfirheyrslunni var hann spurður um hvort dagsetningar framsala á hér umræddum skuldabréfum séu réttar. Svar: „Það get ég nú ekki alveg sagt um, en eignabreytingarnar fara fram á þessum dögum allavega.“. Hann neitaði að hafa dagsett framsöl bréfa þessara eftir að hann var yfirheyrður hjá RLR 22. júní 1984, en þá kom fram að bréfin væru með eyðuframsali kærðu Jóhönnu Heiðdal. Er kærða var bent á að framburður hans um framsöl bréfanna væri ekki í samræmi við framburð hans um sama efni við yfirheyrslu 22. júní 1984 sagðist hann engu geta svarað um það

atriði og kvaðst ekki skilja í því að svo geti verið. Hann neitaði algerlega kæruefninu, þ.e. að hann hefði sett framsöl til sín og frá sér til Kaupstofunnar inn á bréf þessi eftir yfirheyrsluna yfir honum 22. júní 1984.

Í annarri yfirheyrslunni viðurkenndi kærði Jóhann að hafa árið 1983 keypt veðskuldabréf af Jóhönnu Heiðdal, 17 bréf, hver að fjárhæð kr. 50.000,00, alls kr. 850.000,00, öll útgefin af Kristjönu Guðmundsdóttur. Hann neitaði því að hafa lánað Jóhönnu peninga, heldur aðeins aðstodað hana lítilsháttar árið 1982 og þá með þeim hætti að greiða fyrir hana toll af vörusendingu. Hann kvaðst ekki muna hvaða kjör hafi verið á þessum viðskiptum við Jóhönnu Heiðdal, segist hafa keypt bréfin með einhverjum afföllum sem hann mundi ekki hver voru. Um greiðslu bréfanna segir hann sig ráma í að Jóhanna hafi fyrst endurgreitt honum tollinn af vörum með víxli, en þennan víxil hafi hann síðan notað til að skuldajafna við Jóhönnu þegar hann tók hjá henni skuldabréfin 1983.

Í þriðju yfirheyrslunni upplýsti kærði Jóhann að hann væri einkaeigandi firmans Kaupstofunnar en starfrækti það ekki lengur. Hann gaf ýmsar upplýsinga um fyrirtækið. Þá var kærða að nýju bent á að framburður hans um framsöl skuldabréfanna, sem hann keypti af Jóhönnu Heiðdal og skýrði frá við fyrri yfirheyrslu þennan sama dag, sé ekki í samræmi við framburð hans um sama efni í skýrslunni hjá RLR 22. júní 1984..... „Mætti segist ekki hafa skýringu á þessu, hann trúir varla að svo geti verið, en ef misræmi sé í hans framburði þá hljóti hann að hafa misskilið það sem hann hafi verið spurður að í annað hvort skiptið.“ Framburður kærða er samkvæmt þessu fremur óljós.

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um að hald verði lagt á umrædd sjö veðskuldabréf er mótmælt af hálfu rétthafa þeirra samkvæmt formlegri heimild, þ.e. Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar og Kaupstofunnar. Þessum aðilum hefur verið gefinn kostur á að tala máli sínu vegna kröfunnar og hefur lögmaður þeirra, Hilmar Ingimundarson hrl., lagt fram skriflega greinargerð. Hann gerir þær dómkröfur að synjað verði kröfu RLR um hald á framangreindum veðskuldabréfum. Jafnframt er krafist lögmannsbóknunar að mati réttarins.

Lögmaðurinn byggir kröfu sína um synjun á því að í RLR-málinu nr. 106/84 þar sem Jóhanna J. Heiðdal, nú Jóhanna Lusinda Vilhjálmsdóttir, er kærð fyrir ætlað brot á 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 séu umbjóðendur hans, Jóhann Þorgeirsson og Kaupstofan, hvergi nefndir. Hins vegar komi fram að Rannsóknarlögregla ríkisins vinni að rannsókn á ætluðu skjalafalsi við framsal bréfanna og aðild Jóhanns Þorgeirssonar að því broti, er helst sé að skilja að sé fylgið í því að dagsetningar þær sem fram koma í bréfum Jóhanns, hafi verið rangfærðar. Þessu er alfarið mótmælt af hálfu kærða Jóhanns og vísað til framburðar hans hjá RLR 7. febrúar sl. Síðan segir

í greinargerð lögmannsins orðrétt: „Vísar umbj.m. á bug órökstuddum fullyrðingum vararíkissaksóknara um okurviðskipti og skjalafals, enda ekkert það fram komið í málinu sem réttlætt gæti slíkar ásakanir. Kærða, Jóhanna Heiðdal, hefur hvergi haldið því fram í skýrslum sínum hjá RLR að umbj.m. hafi aflað sér þessara skuldabréfa með okri eða fölsun. Rökstuddur grunur um slíka háttsemi liggur því ekki fyrir. Skýrslutakan af umbj.m. hinn 7. febrúar sl. var því tilraun til yfirlórs af hálfu ákærvaldsins og RLR, þegar þessum aðilum var ljóst í hvert óefni málið var komið og umbj.m. höfðu kært úrskurð sakadóms Ólafssvíkur til Hæstaréttar Íslands. Af hálfu Hæstaréttar er réttilega bent á, að umbj.m. „hafa formlegar heimildir sem eigendur þeirra skuldabréfa sem hér er fjallað um.“

Með greinargerðinni fylgja ljósrit af sjö tilkynningum eða skilagreinum, dags. 30.1. 1984, frá bankastofnun sem haft hefur bréfin til innheimtu, þar sem Jóhann Þorgeirsson, Álfheimum 25, Reykjavík, er skráður viðtakandi greiðslu, og er ætlað að færa sönnun á framsöl bréfanna. Þar er ekki minnst á Kaupstofuna þrátt fyrir hið „formlega framsal“ til þess aðila pr. 1.1. 1984. Kvittun sú (bls. 2, 41 ranns.gögnum málsins) sem vitnað er til vegna greiðslu fyrir skuldabréfin, dags. 18. september 1983, tilgreinir ekki nafnverð bréfanna sem verið er að greiða fyrir með peningum og víxlum, heldur kemur þar aðeins fram að þau séu 17. Slík gögn hafa augljóslega takmarkaða þýðingu til sönnunar varðandi kæratriði þau sem liggja til grundvallar kröfu um hald í máli þessu.

Niðurstaða:

Krafa um hald á sjö veðskuldabréfum í máli þessu er gerð vegna rannsóknar RLR-málsins nr. 106/84 vegna ætlaðra fjárvika af hálfu kærðu Jóhönnu Heiðdal í sambandi við sölu hennar á heildsölufyrirtæki og þáttar kærða, Jóhanns Þorgeirssonar, tengdum því máli vegna meðferðar hans á þessum sömu veðskuldabréfum er notuð voru sem hluti af greiðslu fyrir hið selda, og ennfremur í því sambandi, en þó rekið sem sérstakt mál, ætlað skjalafals og okurviðskipti með þessi sömu bréf af hálfu kærða Jóhanns þar sem hann hafi beitt blekkingum í viðskiptum með bréfin með því m.a. að rangfæra dagsetningar á framsöl til sín (og frá sér til Kaupstofunnar) á þeim, til að láta líta svo út að hann sem handhafi bréfanna með „formlegri heimild“ til þeirra samkvæmt þannig rituðu framsali á bréfunum hafi verið grandlaus um tilurð bréfanna og kæratriði þau sem þess vegna eru til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þeirra lögskipta er að baki þeim liggja.

Fyrir liggur að umrædd veðskuldabréf hafa verið lögð fram í uppboðsrétti Ólafsvíkur í málinu nr. 46/1985. Hilmar Ingimundarson hrl. v/Kaupstofunnar og Jóhanns Þorgeirssonar o.fl. gegn Jóni Guðmundssyni og

Kristjönu Guðmundsdóttur, þar sem krafist er nauðungaruppboðs á Vallholti 17, Ólafsvík, (til lúkningar fjárkröfum samkvæmt bréfunum) og tilheyra bréfin sem slík því nú uppboðsréttinum sem dómsskjöl. Málið var þingfest 12. júní 1985. Síðan hefur því verið frestað vegna ágreinings málsaðila um hvort krafan um nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga. Það atriði hefur enn ekki verið tekið til úrskurðar.

Krafan um hald er gerð með vísun til 43. gr. laga nr. 74/1974. Rannsókn á ætluðum brotum, sem eru til meðferðar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt framanrituðu, er ólokið.

Vegna hinna miklu réttarhagsmuna sem þykja liggja fyrir í málum þessum og í þágu rannsóknar þeirra með vísun til þess sem hér hefur verið rakið og fyrirbyggjandi skjala og rannsóknargagna, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 þykir vera fullnægt, enda nauðsynlegt að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram í málinu, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind sjö verðtryggð veðskuldabréf í þágu rannsóknar opinberra mála samkvæmt framanrituðu á meðan meðferð þeirra stendur yfir.
